



BÍÓTEKIÐ er heiti yfir reglulegar kvikmynda-sýningar á vegum **Kvikmyndasafns Íslands** sem haldnar eru í samstarfi við **Bíó Paradís**. Sýndar verða valdar íslenskar og erlendar kvikmyndir einn sunnudag í hverjum mánuði, frá september 2026 fram í apríl 2027. Boðið verður upp á sérstaka viðburði, fræðslu og spjall í tengslum við þær kvikmyndir sem til sýningar verða.

Frekari upplýsingar um dagskrá og miðasölu er að finna á samfélagsmiðlum og á **kvikmyndasafn.is** og **bioparadis.is**



Barbarella


1968

Í fjarlægri framtíð er geimferðalangurinn *Barbarella* send í hættuför til plánetunnar Lythion til að finna vísindamann sem ógnar friði alheimsins. Á leiðinni mætir hún ýmsum furðuverum og lendir í allskyns vandræðum. Í myndinni blandast saman vísindaskáldskapur, húmor og erotik við frumlega leikmynd og djarfa framtíðarsýn.

Jane Fonda fer á kostum í þessari litríku vísindaskáld-sögu Rogers Vadim, sem hefur fyrir löngu öðlast sess sem poppmenningarlegt költverk sjöunda áratugarins.

kl. 15:00

13.
september



Bíodagar

1994

Árið er 1964 og Tómas, tíu ára drengur í Reykjavík, sér heiminn í gegnum kvikmyndirnar sem hann elskar. Kúrekar, hetjur og ævintýri hvíta tjaldsins blandast hversdagslífinu og verða leið fyrir lítinn strák til að skilja undarlegan heim fullorðna fólksins. Þegar drengurinn er sendur í sveit yfir sumartímann mætast kvikmyndafantasan og íslenskur veruleiki með áhrifa-miklum hætti.

Bíodagar er hlý og nostalgísk uppvaxtarsaga í leik-stjórn Friðriks Þórs Friðrikssonar sem hlíðið hefur fjöldamörg verðlaun. Hún dregur upp lífandi mynd af lönnum tíma, þar sem bíóferðir voru stórvörður og gamlar hefðir tókust á við nýja tíma, sjónvarp og amerísk menningaráhrif.

kl. 17:00

13.
september



Nineteen Eighty-Four


1984

Nítíjándruað áttatíu og fjögur, í leikstjórn Michael Radford, er áhrifamikil kvikmyndaaðlögun samnefndrar skáldsögu George Orwell. Sagan gerist í alræðisríki þar sem *Stóri bróðir* fylgist með öllu og jafnvel hugsanir fólks geta talist glæpur. John Hurt fer með hlutverk Winston Smith, starfsmanns *Sannleiksráðuneytisins* sem fer að efast um kerfið og leitar að frelsi í ástarsambandi við Julíu, leikna af Suzönnu Hamilton.

Kvikmyndin er myrk og áleitinn áminning um hættuna sem fylgir stjórnláusum völdum og afskræmingu sannleikans. Þótt sagan hafi verið skrifuð á fyrri hluta tuttugustu aldar hefur viðfangsefnið um eftirlit, áróður og frelsi sterka skírskotun í samtímann.

kl. 19:30

13.
september



Hlemmur

2002

Á Hlemmi mættust ólíkar manneskjur sem flestar áttu það sameiginlegt að hafa lent á jaðri samfélagsins. *Hlemmur* er áhrifamikil heimildamynd í leikstjórn Ólafs Sveinssonar um fólkíð sem sem hafðist við á og í kringum samnefnda umferðarmiðstöð í Reykjavík. Myndavélin fylgist með lífi einstaklinga og gefur þeim rými til að segja frá sjálfum sér, lífsbaráttunni, vináttunni og ein-manaleikanum. Húmor, hlýja og sorg fléttast saman og smám saman verður Hlemmur að meira en biðstöð, hann verður athvarf og samfélag fólks sem hefur oft fáa aðra staði að leita til.

Tónlist Sigur Rósar nýtur sín vel í myndinni, sem hlaut meðal annars Edduverðlaun sem besta heimildarmyndin og fyrir bestu tónlist.

kl. 15:00

4.
október



Lalli Johns

2001

Lalli Johns, í leikstjórn Þorfinns Guðnasonar, er einlæg og eftirminnileg heimildamynd um mann sem lifði lengst af á jaðri íslensks samfélags. Í tvö ár fylgdi Þorfinnur Lalla eftir milli kráa, fangelsis og félagsþjónustu. Lalli strengir þess ítrekað heit að snúa við blaðinu en áfengi, fíkn og afbrot halda áfram að móta líf hans. Áhorfandi lærir þó fljótt að undir hrjúfu yfirborðinu er hlýr, glaðvær og einstaklega bjartsýnn maður sem mætir mótlæti með húmor og óbilandi trú á að næsti dagur verði betri en sá síðasti.

Lalli Johns vakti mikla athygli við frumsýningu og varð ein aðsóknarmesta íslenska heimildamynd síns tíma auk þess að hjóta Edduverðlaunin sem besta heimilda-myndin.

kl. 17:15

4.
október



Loftur Guðmundsson


(f. 1892 – d. 1952)

Á sýningunni verður farið yfir ævistarf Lofts Guðmundssonar, eins helsta frumkvöðuls íslenskrar kvik-myndagerðar. Sýnd verða sjaldsæð brot úr kvikmyndum sem spanna allt höfundaverk hans, allt frá hans fyrstu myndum þriðja áratugarins til leikinna mynda í fullri lengd um þrjátíu árum síðar.

Dagskráin varpar ljósi á fjölbreytta kvikmyndagerð Lofts og það brautrygjendahlutverk sem hann gegndi í upp-byggingu íslenskrar kvikmyndagerðar.

kl. 15:00

1.
nóvember



Ungfrúin góða og húsið

1999

Innan veggja hins virðulega húss leynist ást, lygar og ótti við hneyksli. Þegar Rannveig snýr heim ólétt reynir fjölskyldan að verja mannorð sitt sem hefur aðrifaríkar afleiðingar. Guðný Halldórsdóttir færir sögu Halldórs Laxness á hvíta tjaldið af næmni og krafti og dregur upp áhrifamikla mynd af samfélagi þar sem ásyndin skiptir öllu máli.

Ungfrúin góða og húsið er sterk og gripandi fjölskyldu-saga um fórnir, þöggun og frelsisþrá. Myndin hlaut Eddu-verðlaunin fyrir bestu kvikmyndina, leikstjórn, tónlist, leikkonu í aðahlutverki og föröun.

kl. 17:00

1.
nóvember



Bronenosets Potyomkin


1925

Beiliskipið Pótemkin, í leikstjórn Sergei Eisenstein, er eitt þekktasta og áhrifamesta verk kvikmyndasögunnar. Myndin segir frá sögulegum atburðum, þegar áhöfnin á rússneska herskipinu Pótemkin reis upp gegn harðræði og ómannúðlegum aðbúnaði, árið 1905. Eisenstein beitir hér kraftmikilli klippingu og sterkri myndbyggingu til að magna upp spennu og tilfinningar. Frægasta atriði myndarinnar, morðin á Odessa-tröppunum, hefur með tímanum orðið það atriði kvikmyndasögunnar sem oftast hefur verið endurskapað og vísað til.

Kvikmyndin er í senn söguleg, áhrifamikil áróðursmynd og tímamótaverk í þróun kvikmyndaistarinnar. Þótt myndin sé orðin hundrað ára gömul stendur hún enn fyrir sínu sem einstakt dæmi um mátt klippingar og myndmáls.

kl. 19:30

1.
nóvember



Málarinn og sálmurinn hans um litinn


2001

Málarinn og sálmurinn hans um litinn eftir Erland Sveinsson, er ljóðræn og persónuleg kvikmynd um listmálarann Svein Björnsson, föður leikstjórans.

Myndin hefst á opnun viðamikillar sýningar hans á Kjarvalsstöðum haustið 1989. Eftir átatuga vinnu við fantasíukenndan myndheim stendur listamaðurinn á tímamótum, þreyttur á eigin aðferðum og knúinn til að finna nýja leið í list sinni. Frekar en að vera hefðbundin ævisaga fjallar myndin um sköpunarþrána, efann og þær fórnir sem listin getur krafist. Hún blandar saman heimild og sviðsetningu og leiðir áhorfandann inn í hug-arheim málarans, þar sem litir, íslensk náttúra, trú og sköpunarþrá fléttast saman. *Málarinn* er næm og sjónræn hugleiðing um listsköpun og baráttu listamannsins við að endurnýja sjálfan sig.

kl. 14:30

6.
desember



Popiół i diament

1958

Aska og demantar, í leikstjórn Andrzejś Wajda, er eitt þekktasta verk pólskrar kvikmyndasögu. Myndin gerist í litlum pólskum bæ á síðasta degi síðari heimsstyrjald-arinnar.

Þegar sigrinum yfir Þýskalandi er fagnað blasir óviss framtíð við þjóðinni. Zbigniew Cybulski leikur Maciek, ungan liðsmann andkommúnistiskrar hreyfingar sem fær það verkefni að ráða háttsettan kommúnista af dögum. Þegar hann kynnist barbjóninum Krystynu og verður ástfanginn fer hann hins vegar að efast um hugsjónirnar sem hann berst fyrir og það líf sem bíður hans ef hann hlýðir fyrimælunum. Með áhrifamikilli svarthvítu kvikmyndaðöku, sterku táknmáli og ógleymanlegum myndum fangar Wajda samfélag á orlagaríkum tímamótum. Myndin gerði Cybulski að einni skærustu stjórnu pólskra kvikmynda. Kvikmyndin er sýnd í sam-starfi við Pólska Sendiráðið í Reykjavík.

kl. 17:00

6.
desember



Niewinni czarodzieje

1960

Saklausir töframenn í leikstjórn Andrzejś Wajda, er fágúð og lágstemmd mynd um ungt fólk í Varsjá á mörkum sjötta og sjöunda áratugarins. Í stað stórra sögulegra átaka, sem einkennda fyrri myndir Wajda, beinir hann hér sjónum að nýrri kynslóð sem leitar frelsis í djassi, næturlífi, daðri og nútímalegum lífsstíl. Sagan fylgir ungum lækni og djassleikara sem kynnist dularfullri stúlku á skemmtistað. Þau verja nóttinni saman og fela óöryggi sitt á bak við kaldhæðni og kæruleysi. Eftir því sem liður á nóttina verður þó ljóst að undir yfirborðinu býr þrá eftir raunverulegri nánd. Með svölum stíl og djassmúsík Krzysztofs Komeda fangar myndin líf unga fólksins í Póllandi eftir stríð sem reynir að skapa sér sína eigin tilveru þar sem frelsi er enn takmarkað. Kvikmyndin var mikið gagnrýnd af yfirvöldum sem vildu meina að hún upphéfið kæruleysi ungu kynslóðarinnar og áhugaleysi hennar á pólitík. Kvikmyndin er sýnd í samstarfi við Pólska Sendiráðið í Reykjavík.

kl. 19:30

6.
desember